

HÁSKÓLI ÍSLANDS	
Málalykill	10.5.2 Ábm.
Fylgiskjal	
Móttekið	12 SEP 2016
Málsnúmer: HÍ	15 11 0167



Háskóli Íslands
Jón Atli Benediktsson, rektor
Sæmundargötu 2
101 REYKJAVÍK

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 9. september 2016
Tilv.: MMR16010053/0.6.1-

Efni: Tilkynning um val á aðila til að annast kennslu- og rannsóknarstarfsemi á sviði lögreglufræða

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fól Ríkiskaupum að annast auglýsingu um val á framkvæmdaraðila til að annast kennslu- og rannsóknarstarfsemi á sviði lögreglufræða og halda utan um matsferlið. Ferlið fellur ekki undir lög um opinber innkaup nr. 84/2007, en ráðuneytið lagði áherslu á að nota opin og gegnsæjan feril skv. 14. gr. og 40. gr. laganna.


Skilafrestur þátttökutilkynninga var 22. júlí 2016 og bárust gögn frá fjórum aðilum: Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík. Umsókn Háskólans á Bifröst uppfyllti ekki hæfiskröfu um viðurkenningu til kennslu í sálfræði.

Ráðherra skipaði matsnefnd um lögreglunám á háskólastigi sem fékk það hlutverk að fara yfir innsend gögn og gera rökstudda tillögu um val á rekstraraðila. Að auki fundaði matsnefndin með umsækjendunum þremur sem voru hæfir til að taka við kennslu- og rannsóknarstarfsemi á sviði lögreglufræða og fékk hver þeirra 60 mínútur til að kynna og fylgja eftir sinni umsókn.

Við valið nýtti matsnefndin matsviðmið sem birt voru í verkefnisgögnum og því opinber við upphaf ferilsins. Hinn 9. ágúst tilkynnti Ríkiskaup mennta- og menningarmálaráðuneyti þá niðurstöðu matsnefndar að þátttökutilkynning frá Háskóla Íslands hafi hlotið flest stig eða 128 stig af 135 mögulegum, þátttökutilkynning Háskólans á Akureyri hafi hlotið 116 stig, en tilkynning Háskólans í Reykjavík 110 stig. Skýrsla matsnefndar fylgir í viðhengi.

Ráðherra hefur ákveðið að ganga til samninga við Háskólann á Akureyri um kennslu- og rannsóknarstarfsemi á sviði lögreglufræða í samræmi við ákvæði 21. gr. laga um háskóla.

Fyrir hönd ráðherra


Jón Vilberg Guðjónsson


Una Strand Viðarsdóttir